

Skólanefndarfundur 2. febrúar 2021

Fundur settur 16:20 á sal Framhaldsskólans á Húsavík

Mættir: Valgerður, Arna, Halldór Jón, Valdimar, Birgitta Bjarney, Kristey, Hjálmar Bogi, Helena Eydís, Kolbrún Ada og Sigurgeir.

Fjarverandi: Lea Hrund fulltrúi nemenda

Dagskrá:

1. Rekstarniðurstaða 2020 miðað við síðustu upplýsingar.
2. Fjárhagsáætlun 2021 uppfærð
3. Rafrænar íþróttir – ný námslína í smíðum
4. Skólakynning fyrir 10. bekk á Covid tímum
5. Starfsaðstaða kennara
6. Kvikmynda-/sjónvarpsstofa – nýi gangurinn – kjallari/framkvæmdir
7. Önnur mál

1. Rekstarniðurstaða 2020 miðað við síðustu upplýsingar.

Framhaldsskólinn á Húsavík lokar árinu 2020 með rétt rúmar fjórar milljónir í afgang. Útlitið var ekki svona gott í desember en auka fjárveiting kom inn í janúar vegna fjölgun á nemendum á haustönn, greiðslu vegna Covid, námsorlofi kennara ofl.

Fjárveiting vegna ársins 2020 endaði því í 230 milljónum.

Sértekjur voru helmingi minni en við gerðum ráð fyrir og það kemur til vegna félagsmiðstöðin Tún hætti hjá okkur.

2. Fjárhagsáætlun 2021 uppfærð

226.500.000 kr. er fjárveiting 2021. Þar af eru 6.400.000 kr. áætlaðar í eignakaup og ætlast er til að 5.200.000 kr. komi inn í formi sértekna.

Helstu breytingar er þær að launaliður er hækkaður um 13% á milli ára í áætlun 2021 annars er stuðst við um 3% hækkun allra liða á milli ára skv. Hagstofu Íslands.

3. Rafrænar íþróttir – ný námslína í smíðum

Umræða um hvar hægt sé að leita eftir styrkjum vegna uppsetningu á nýrri námslínu. Landsvirkjun, Alcoa, Framsýn og bankar komu til tals.

Námslína er innan opinnar stúdentsbrautar með áherslu á rafrænar íþróttir.

Skoðað var Sway bækling sem kynnir rafíþróttir og það sem Framhaldsskólinn á Húsavík getur boðið uppá í þeim efnum. Sýnir vel fyrstu drög að námsframboði sem á að kenna á námslínunni sem og hvernig hægt er að tengja rafíþróttir við klassísk fög, tungumál, sögu, bókfærslu og svo framvegis.

Tilboð frá Elko og Tölvulistanum skoðuð og metin.

4. Skólakynning fyrir 10. bekk á Covid tímum

Sway kynningarbæklingur hefur verið sendur út á alla nemendur og forráðamenn í 10 bekk í sveitarfélaginu og víðar. Vonandi getur FSH tekið á móti nemendum og foreldum þeirra úr Borgarhólsskóla inn í skólann til kynningar ef sóttvarnarreglur leyfa.

5. Starfsaðstaða kennara

Rétt fyrir jóla komu í hús upphækkanleg kennaraborð. Starfsaðstaðan hefur batnað hvað varðar húsgögn og tölvubúnað.

Búið er að fá tilboð í nýtt símkerfi í skólann og fjölga símtækjum í stofnunarinni. Þetta er hugsað í öryggisskyni.

6. Kvikmynda-/sjónvarpsstofa – nýi gangurinn – kjallari/framkvæmdir

Skoðunarferð

7. Önnur mál

- Starfsmannaviðtöl eru hafin.
- Starfsmannamál
- Skólaskýrsla – fyrstu tölur. Nemendur eru 117 og ársnemendur eftir töflubreytingar eru 58,9 og það er tala sem við viljum keyra vel upp. Hópur tvö fer af stað í verklegt nám á Heilsunuddbraut á næstu önn og þá hækkar vonandi ársnema talan.
- Tvöföldu tímarnir eru að koma vel út. Meiri samfella í tímum og góð nýtni. Auðvitað vantar að geta farið fram á gang og hitta félaga sína en það fer vonandi að vera möguleiki.

Ekki fleiri önnur mál.

Fundi slitið 17:45